

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

8. gr.

Arður af sameiginlegri veiði skal renna til sveitarsjóðs Húnaþings vestra, enda ber sveitarsjóður kostnað er verður af starfsemi félagsins.

Aðalfundur ákveður hverju sinni hvað lagt er til fiskiræktar eða annarra umbóta á félagssvæðinu.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði ásamt síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti
Sambands íslenskra berkla sjúklinga, nr. 372 25. október 1976.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákveða má að í 10. flokki 2000 skuli að loknum útdrætti samkvæmt a) - f) liðum 1. mgr. 13. gr. draga sérstaklega út tiltekinn fjölda vinninga þannig að valdar eru tveggja stafa tölur.

Valið fer fram með notkun átta hólfa stokks og er sú tala, sem fram kemur og síðustu tveir stafir mynda, skráð. Lesið skal frá þeim enda stokksins sem fjær er snúningshnúð. Val er endurtekið þar til tilskilinn fjöldi talna hefur fengist. Tölurnar verða hluti af vinningskrá, en þær vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju miðanúmeri. Þau miðanúmer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. desember 1999.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.